

Eyjafjarðarsveit
b/t Vigfús Björnsson
Skólatröð 9
601 Akureyri

Reykjavík 7. mars 2019
UST201902-282/A.B.
10.04.03

Efni: Lýsing - Deiliskipulag – Kotra - Eyjafjarðarsveit

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðarsveitar er barst 26. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi fyrir Kotru í Eyjafjarðarsveit.

Í greinargerð kemur fram að tillagan gengur út á að skilgreina sex íbúðarhúsalóðir í landi Kotru í Eyjafjarðarsveit. Auk þess kemur fram að á hverri lóð verður heimilt að reisa eitt einbýlishús ásamt bílgeymslu og má gera ráð fyrir að öll húsin verði á tveimur hæðum að hluta eða öllu leiti vegna nokkuð mikils landhalla.

Húsastærðir

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram í greinargerð stærð bygginga í tillöggunni.

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitu og skólp nr. 798/1999.

Skógrækt

Í greinargerð kemur fram að skammt fyrir ofan íbúðarbyggðina hefur verið afmarkað 28 ha svæði til skógræktar og gerður hefur verið samningur við Skógrækt ríkisins um það. Umhverfisstofnun bendir á að á skógræktarsvæðinu er að finna m.a. ríkulegt fuglalíf og vistgerðir með háu og mjög háu verndargildi eins og starungsmýravist og língresis- og vingulsvist samkvæmt Vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>). Umhverfisstofnun leggur áherslu á að vistgerðum með hátt verndargildi og fuglalífi verði ekki raskað með skógrækt.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að gróðursettar verða innlendar trjátegundir, þ.e. ilmbjörk, reyniviður, gulvíður eða loðvíður, en með gróðursetningu á fjölbreytum

trjátegundum mun líffræðilegur fjölbreytileiki aukast og við það eykst seigla skógarins gagnvart sjúkdómum og sníkjudýrum. Auk þess leggur stofnunin áherslu á að skógræktin falli vel að landslaginu og skerði ekki ásýnd svæðisins.

Að mati Umhverfisstofnunar er í ofangreindri lýsingu að öðru leyti, gerð fullnægjandi grein fyrir þeim þáttum sem þörf er á og í því umfangi sem tillagan gefur tilefni til.



Axel Benediktsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakel Kristjánsdóttir
Sérfræðingur